



Scotte Patentfärg

Vörunr. 4241

Lýsing

Scotte Patentfärg (4241) er vatnsþynnanleg og alkýðbundin grunnmálning sem vætir undirlagið sérstaklega vel og gerir laust bundna fleti hæfa til málunar. Málningin inniheldur engin lífræn leysiefni og er sérlega létt í vinnslu.

Notkun

Scotte Patentfärg (4241) notast innanhúss á duftsmitandi fleti, gamalt veggföður og gífs, auk þess sem málningin hentar vel til þess að einangra sót, nikotín og viðarkvoðuríkan við, spónaplötur o.fl.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: Hvítt	Þynnir: Vatn
Pakkningar: 4 og 10 lítra	Áhaldahreinsir: Vatn
Efnisnotkun: 4-6 m ² /l	Þurrktími: 16 klst
Eðlisþyngd: 1,1 kg/l	Yfirmálun: Þegar þurr
Þurrefni: 22 % (rúmmál)	Hámark: Ekkert

Undirmálning

Scotte Patentfärg (4241) er grunnur og þarf ekki sérstaka undirmálningu. Notið Gullspack spartl við spörtlun og ílögn.

Yfirmálning

Málið yfir **Scotte Patentfärg** (4241) með plastmálningum eins og Hemukrýl (5810), Bett og Vitretex (8210).

Áhöld

Rúlla, pensill eða sprauta. Hreinsið áhöld með vatni og sápu strax að lokinni notkun.

Vinnutilhögun

Flöturinn skal vera hreinn og þurr fyrir málun. Það skal skola vel í burtu öll hreinsiefni og fjarlægja skal allt laust yfirborð. Ef mála á yfir veggfóður skal þess gætt að það sé vel fast við undirlagið. Það er máluð ein þunn umferð með **Scotte Patentfärg** (4241).

Athugasemdir

- Málið ekki fleti kaldari en +8 °C.
- Það skal bera **Scotte Patentfärg** þunnt á. Ef efnið er borið á of þykkt, þá getur þurrktími lengst.

Varúðarmerkingar

Við venjulega vinnu með **Scotte Patentfärg** (4241) telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í snertingu við auga skal skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur.

Geymist þar sem börn ná ekki til.